

**EES-ráðsfundur: Áfram þarf að draga úr innleiðingarhalla**

Hinn 18. maí fór fram EES-ráðsfundur. Fundinum stýrði Lettland, fyrir hönd ESB, en utanríkisráðherra var talsmaður EES/EFTA-ríkjanna.

Fundurinn var almennt jákvæður. Lagði utanríkisráðherra áherslu á mikilvægi góðs samstarfs við ESB um framkvæmd EES samningsins og undirstríkaði að hún væri á ábyrgð allra samningsaðila. Af Íslands hálfu lýsti utanríkisráðherra því yfir að áfram þyrfti að draga úr innleiðingarhallanum sem þó færi minnkandi þrátt fyrir fjölgun gerða af hendi ESB. ESB staðfesti að samstarfið gengi vel, en þó þyrfti áfram að vinna að því að draga úr töfum á upptöku gerða og innleiðingarhalla.

Einnig var fjallað um yfirstandandi viðræður EES EFTA ríkjanna og Evrópusambandsins um framlög í Uppbyggingarsjóð EFTA. Ráðherrarnir voru sammála um að reyna eftir fremsta megni að ljúka viðræðunum sem fyrst.

Á fundinum fór fram sérstök umræða um áætlun ESB um að styrkja stafræna innri markaðinn (e. Digital Agenda). Í kjölfarið ræddu ráðherrarnir um málefni Úkraínu og Rússlands og samstarf ESB við Austur-Evrópuríki. Þá var fjallað um ástand mála í Sýrlandi, Írak og Líbýu.

Niðurstöður fundarins má nálgast hér: <http://bit.ly/1FliLCh>

**ESB: Framkvæmdastjórnin leggur línurnar um bættan stafrænan innri markað**

Hinn 6. maí sl. birti framkvæmdastjórn ESB orðsendingu um fyrirhugaðar aðgerðir í tengslum við að koma á samtengdum stafrænum innri markaði (e. Digital Single Market), sem er eitt af áherslusviðum framkvæmdastjórnar Juncker.

Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á þrennt: Betra aðgengi að stafrænum vörum og þjónustu á netinu

Hér er stefnt á að auðvelda netviðskipti, m.a. með samræmingu samningsreglna og reglna um neytendavernd. Þá er stefnt á að bæta ráðast í aðgerðir til að auðvelda pakkasendingar og gera þær ódýrari. Ráðist verður í aðgerðir til að taka á lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum (e. geoblocking). Stefnt er að því að nútímavæða höfundarréttarreglur. Þá er stefnt á að ein-

falda og samræma reglur um virðisaukaskatt.

Reglur taki tillit til nýrrar tækni og hvetji til þróunar innviða

Endurskoða á reglur á sviði fjarskipta, til að taka mið af tækniþróun. Endurskoða á umgjörð fyrir fjölmiðla til að taka mið af nýjum miðlunarmátum. Skoða á umgjörð leitarvéla, samfélagsmiðla og annarra verkfæra internetsins. Stuðla á að auknu trausti á þjónustu á netinu, m.a. út frá reglum um gagnavernd og endurskoða á reglur um persónuvernd á netinu. Að virkja tækifæri starfræna möguleika í þágu atvinnulífsins

Stuðla á að nýtingu stafrænnar þjónustu í iðnaði. Þróa á staðla og sam-

tengileika, m.a. á sviði netöryggis, gagnavinnslu og netskýja. Stuðla á að bættri þekkingu í nýtingu stafræna möguleika.

**...stúfar**

# EES-ráðgjafarnefndin hittist í Zagreb í Króatíu 4.-6. júní sl. Í ráðgjafarnefndinni eiga sæti fulltrúar atvinnulífsins innan EES/EFTA-ríkjanna og í aðildarríkjum ESB.

Sjá frekar:

# Framkvæmdastjórn ESB hefur birt tvær skýrslur sem fjalla um upprunamerkingar matvæla eftir framleiðslu-landi. Niðurstaða beggja skýrslanna er að slíkar merkingar eigi fremur að vera valfrjálssar. Sjá frekar <http://bit.ly/1KmlNdS>

# EFTA hefur birt ársskýrslu sína fyrir 2014, sjá <http://bit.ly/1H7Kxom>

# Sameiginlega EES-nefndin kom saman til fundar 22. apríl sl. Næsti fundur nefndarinnar er 12. júní nk.

Frekari upplýsingar um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar má finna hér: <http://bit.ly/1EeXh9b>

Á EES-ráðsfundi hinn 18. maí sl. var sérstök umræða um stafræna innri markaðinn. Utanríkisráðherra tók undir mikilvægi þess að fullgera stafrænan innri markað og að í því fælust möguleikar sem m.a. myndu nýttast vel dreifbýlum svæðum eins og á Íslandi. Hann lagði einnig áherslu á að gætt yrði hófs við reglusetningu til að auka ekki byrðar á almenning og fyrirtæki og að íslensk stjórnvöld myndu fylgjast náið með komandi lagafrumvörpum á þessu sviði.

Þrjár stjórnarskrifstofur ESB koma mest að undirbúningi stefnunnar undir forystu Andrus Ansip, varaforseta í framkvæmdastjórninni. Hinar tvær skrifstofurnar eru skrifstofa innri markaðarins sem hin pólska Elzbieta Bienkowska stýrir og skrifstofa stafræns hagkerfis undir stjórn Gunther Öttinger.

## Eftirlitsstofnun EFTA birtir nýtt frammistöðumat vegna innleiðingar - Ísland þokast í rétta átt

Hinn 14. apríl sl. birti Eftirlitsstofnun ESA frammistöðumat vegna innleiðingar gerða sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, en miðaðist mælingin við stöðuna eins og hún var í nóvember 2014.

Samkvæmt matinu minnkaði innleiðingarhalli Íslands úr 3,1% í 2,8% sem svarar til þess að 31 tilskipun hafi ekki verið innleidd að fullu á réttum tíma. Innleiðingarhalli Íslands er sá mesti á öllu EES-svæðinu en á eftir fylgir Noregur með 2% halla eða 23 óinnleiddar tilskipanir í nóvember.

Næsta frammistöðumat mun miða við stöðuna eins og hún var 30. apríl sl. og má gera ráð fyrir að Ísland muni bæta frammistöðu sína verulega með innleiðingarhalla um 2%.

## Nethlutleysi og reikigjöld meðal umræðuefna í viðræðum stofnana ESB um fjarskiptapakann

Á vettvangi ESB eru reglur um nethlutleysi og reikigjöld í farsímaþjónustu til skoðunar í tengslum við fjarskiptapakann sem framkvæmdastjórn ESB lagði fram í september 2013 og hefur verið í lagasetningaferli hjá þinginu og ráðinu síðan.

Í pakkanum lagði framkvæmdastjórn ESB til svokallað „nethlutlausí“ (e. *net neutrality* eða *network neutrality*). Nethlutleysi snýst um að internetþjónustuveitendur og ríki skuli gæta jafnræðis gagnvart gagnaflutningi og netumferð og ekki mismuna eða rukka mismunandi svo sem eftir notanda, efni eða hraða. Fyrirtæki gera þetta í auknum mæli og umræðan spröttið upp úr því. Rök fyrir nethlutleysi eru m.a. að með því sé jafnræði á netinu tryggt og að það væri andlýðræðislegt að internetþjónustuveitendur geti t.d. í krafti markaðsráðandi stöðu stýrt aðgangi að gögnum og upplýsingum, t.d. með gagnahraða og að fyrirtæki gætu t.d. greitt þeim fyrir það. Fyrirtækin sem tala gegn nethlutleysi, benda m.a. á að með því sé minni hvati fyrir fyrirtæki að byggja upp dreifikerfi og getu og að það dragi úr nýsköpun.

Evrópuþingið hefur lokið fyrstu umræðu, og styður nethlutleysi af mikilli festu. Fyrstu umræðu í ráðinu lauk 4. maí sl. Samkvæmt afstöðu ráðsins verður nethlutleysi meginreglan, en að veitendur internetþjónustu (aðgangs) geti stýrt netumferð til að tryggja að umferð gangi greiðlega (þá væntanlega t.d. með því að hægja á eða forgangsráða umferð eftir álagi). Þá verður

## ESB: Unnið að aðgerðaráætlun fyrir innri markaðinn

Skv. vinnuáætlun framkvæmdastjórnar ESB er nú unnið að nýrri aðgerðaráætlun fyrir innri markaðinn. Framkvæmdastjóri innri markaðarins, Bienkowska, gerði grein fyrir vinnunni í Evrópuþinginu 6. maí sl. Unnið er út frá því að aðgerðaráætlunin verði kynnt í nóvember nk. Líkt og segir í vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar er unnið að því að greina og finna lausnir á hindrunum og íþyngjandi reglum sem koma í veg fyrir að fyrirtæki og einstaklingar stundi viðskipti yfir landamæri innan innri markaðsins.

Í vinnunni er sérstaklega horft til þess að auka tækifæri frumkvöðla og faglærðra til að veita þjónustu á innri markaðnum, m.a. með aukinni gagnkvæmnisviðurkenningu réttinda og með því að hvetja til frumkvöðlastarfsemi, svo sem gegnum nýja viðskiptahætti, svo sem innan deiliahagkerfisins. Þá er horft til þess að einfalda regluverkið og skrifræði í tengslum við að veita þjónustu milli landa. Lögð verður sérstök áhersla á bæta framkvæmd fyrirbyggjandi löggjafar, sérstaklega tilskipana um opinber innkaup, þjónustutilskipunarinnar og reglna um gagnkvæmnisviðurkenningu vara.

Þjónustuveitendum heimilt að gera samninga við fyrirtæki og einstaklinga um hraðari þjónustu, svo lengi sem það kemur ekki niður á virkni netsins og hraða annarra notenda.

Samningaumleitarnir milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar standa nú yfir og því óvíst hver lokaniðurstaðan verður varðandi nethlutleysi. Þess skjal getið að á sérstakri umræðu á EES-ráðsfundi í maí, lagði utanríkisráðherra Íslands áherslu á að nethlutleysi yrði tryggt.

Í tengslum við fjarskiptapakann er einnig rætt hvort banna eigi svokölluð reikigjöld fjarskiptafyrirtækja, þegar farsímanotendur nota farsíma sína utan heimlandsins. Hefur Evrópuþingið lagt áherslu á að gjöldin verði bönnuð en meðal aðilarríkjanna hefur verið hik vegna samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þó virðist nú útlit fyrir að reikigjöld verði mjög takmörkuð eða bönnuð innan fárra ára.

Stefnt er að því að samþykkja pakkan á þessu ári, en það er háð gangi samningaviðræðnanna. Fjarskiptalöggjöf ESB fellur að miklu leyti innan gildissviðs EES og því líklegt að umræddar reglur komi til álitu til upptöku í EES-samninginn.

## Framkvæmdastjórn ESB leggur til nýja langtímastefnu um málefni innflytjenda

Hinn 13. maí sl. samþykkti Framkvæmdastjórnin nýja áætlun um málefni innflytjenda (e. European Agenda on Migration).

Áætlunin er í tveimur hlutum. Fyrst er lögð áhersla á bráðaaðgerðir til að takast á við flóttamannavandann á Miðjarðarhafi, með því að auka mannúðaraðstoð, hugsa um þá sem koma, deila ábyrgðinni milli aðildarríkjanna og berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Gripið verður til eftirfarandi aðgerða:

- Fjárveitingar til landamærostofnunarinnar Frontex verða auknar til að efla sérstakar eftirlitsáætlanir við Grikkland, Kýpur, Ítalíu og Möltu.
- Komið verður á fót neyðarkerfi (e. emergency mechanism) til að takast á við skyndilegan straum flóttamanna til aðildarríkja. Lagt er til að sett verði á fót kerfi til að flytja til innan sambandsins hælisleitendur eða fólk í óreglulegri för innan sambandsins (e. temporary European Relocation Scheme) á grundvelli ákveðinnar reiknireglu. Framkvæmdastjórnin mun fyrir árslok 2015 leggja fram tillögur að varanlegu kerfi af sama toga.
- Framkvæmdastjórnin hefur lagt til sameiginlegt kerfi þar sem 20.000 borgurum frá þriðju ríkjum sem þurfa á alþjóðlegri vernd að halda að mati flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna verða flutt til aðildarríkjanna (e. European Resettlement Scheme). Samstarfsríkjum Schengen verður boðið að taka þátt í kerfinu.
- Sett hefur verið á fót aðgerð á Miðjarðarhafi innan sameiginlegu öryggis- og varnarstefnunnar til að uppræta með valdi mannsals-hringi og smygl á fólki, í samræmi við alþjóðalög. M.a. verður leitað eftir heimild öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í þessum tilgangi.

Langtímaaðgerðir munu byggja á fjórum stöðum:

- Leitast verður við að draga úr hvötum fyrir fólk að freista þess að flytja til Evrópu með ólögumætum og óreglulegum hætti. Brottvísun verður beitt kerfisbundið þar sem ekki eru skilyrði til að veita hæli.
- Landamæragæsla og björgunarastarf verður aukið, með því að styrkja Frontex og styðja þriðju ríki til að verja eigin landamæri.
- Bæta á sameiginlega stefnu um málefni hælisleitenda með áherslu á auðkenningu til að draga úr misnotkun kerfisins. Unnið verður að betri getu upprunaríkis til endurviðtöku og til greina kemur að meta og endurskoða Dublin-reglugerðina árið 2016.
- Ný stefna um löglega fólksflutninga. Stefnan verður á að ESB verði aðlaðandi kostur fyrir innflytjendur og m.a. mun sameiginlegt atvinnuleyfi fyrir sérfræðinga (bláa kortið) sæta endurskoðun.

Framkvæmdastjórnin mun jafnframt skoða frekar sameiginlega hælisleitendakerfið, sameiginlega landamæravörslu, þ.m.t. um evrópska landamæraferði og jafnvel evrópska strandgæslu. Þá verður skoðað hvort aðildarríkin gætu e.t.v. samræmt að einhverju leyti innflytjendastefnu sína, þó að teknu tilliti til takmarkana sáttmála ESB. Sjá frekar: <http://bit.ly/1DGGzN8>

### ...stúfar

# Nefnd Evrópuþingsins sem fer með málefni innri markaðarins vinnur að ályktun um samskiptin við EFTA-ríkin, þ.m.t. um EES-samstarfið. Vegna málsins mættu fulltrúar EES/EFTA-ríkjanna og Sviss fyrir nefndina í maí sl. Sjá frekar: <http://bit.ly/1JwhTh5>

# Þingmannanefnd EES fundaði í Noregi 17. mars sl. Fundurinn samþykkti m.a. ályktun um fríverslunarviðræður ESB og Bandaríkjanna og möguleg áhrif á EES/EFTA-ríkin. Sjá frekar: <http://bit.ly/1cBRWzv>

# Í lok maí áttu EES/EFTA-ríkin og utanríkisþjónusta ESB pólitískt samráð um málefni Mið-austurlanda.

# Í júlí tekur Noregur við formennsku í fastanefnd EES/EFTA-ríkjanna af Ísland og fer með formennskuna til áramóta. Noregur mun samhliða fara með formennsku í EES-samstarfinu í heild, en EES/EFTA-ríkin og ESB skiptast á að fara með formennskuna, hverja 6 mánuði.

# Evrópusambandið vinnur nú að tillögum að reglum um notkun dróna. Gert er ráð fyrir að tillögurnar verði lagðar fram í haust.

# Evrópusambandið og Tyrkland hafa hafið samningaviðræður um endurskoðun tollabandalagsins milli þessara aðila. Meðal annars stendur til að útvíkka samninginn til þjónustuviðskipta. Ein ástæða endurskoðunar er sú að talið er nauðsynlegt að uppfæra tollabandalagið ef Tyrkland á síðar að geta gerst aðili að fríverslunarsamningi ESB og Bandaríkjanna— TTIP.

Í meðfylgjandi skjali er yfirlit um helstu gerðir sem samþykktar voru innan ESB á tímabilinu 1. febrúar til 31. maí 2015 og varða EES-samninginn.

Yfirlit þetta er tekið saman til upplýsingar um EES-málefni og sent til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.